

## SAMÞYKKT

### fyrir Veiðifélag Úlfjótsvatns.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Úlfjótsvatns.

Heimili þess og varnarþing er að Úlfjótsvatni, Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Úlfjótsvatni, en þær eru Úlfjótsvatn, Landsvirkjun, Villingavatn (ítak), Kaldárhöfði, Kaldárhöfðaveiðiréttur, Efri-Brú, Brúarholt og Hamar (land Tómasar Guðmundssonar).

Um meðferð atkvæða fer eftir VIII. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að stuðla að góðri fiskigengd á félagssvæðinu. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, einn á hverju ári. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

Halda skal fyrsta stjórnarfund nýskipaðrar stjórnar eigi síðar en mánuði eftir aðalfund og skulu stjórnarmenn á þeim fundi skipta með sér verkum.

#### 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Allar ályktanir, samþykktir og öll bréfaskipti skulu undirrituð af þremur stjórnarmönnum. Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir.

Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

#### 6. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Boða skal alla félagsmenn til aðalfundar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara í tölvupósti eða með öðrum tryggum hætti.

Dagskrá fundarins skal vera þannig:

1. Formaður tilnefnir fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.
4. Kosning stjórnar.
5. Kosning varamanna.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Breytingar á samþykkt eða reglum félagsins, ef einhverjar eru.
8. Ákvörðuð félagsgjöld.

9. Umræður um málefni er snerta veiðifélagið.
10. Önnur mál.

Að öðru leyti fer eftir ákvæðum 56. gr. laga nr. 76/1976 um lax- og silungsveiði.

7. gr.

Reikningsár félagsins er stjórnarárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Hver veiðiréttthafi sér um veiði fyrir landi sínu og hirðir arð af eignarhlut sínum.

Hver veiðiréttthafi skal tilkynna stjórn félagsins hvernig veiði á veiðisvæði hans verði háttáð og síðan allar hugsanlegar breytingar á tilhögun veiði eftir það. Tilgreina skal veiðitíma og veiðitæki en einnig hvort veiðileyfi verði seld og hvernig sölu þeirra verði háttáð.

Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í hlutfalli við eignarhluta á vatnsbakka.

9. gr.

Stjórnin setur félaginu reglur sem hún leggur fyrir aðalfund til samþykktar. Í reglum félagsins skal kveðið á um:

1. Skiptingu veiðiréttar.
2. Veiðitímabil.
3. Veiðitækni.
4. Skiptingu tekna og kostnaðar.
5. Annað sem áhrif hefur á félagið og verkefni þess.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði ásamt síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Veiðifélag Úlfjótswatns, nr. 149/1974.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 6. apríl 2006.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

---

*Atli Már Ingólfsson.*